

Reglur um birtingu gagna með fundargerðum á vef Borgarbyggðar

1. Markmið

Stefna sveitarstjórnar Borgarbyggðar er að stjórnsýslan sé opin og gagnsæ og að íbúar hafi kost á að fylgjast með störfum sveitastjórnar og nefnda með einföldum hætti eftir því sem lög og reglugerðir heimila.

Megin markmið með þessum reglum er að íbúar Borgarbyggðar hafi greiðan aðgang að öllum gögnum sveitafélagsins, stofnanna og samtaka sem það á aðild að, sem lögð fram eru í ráðum og nefndum á vegum sveitafélagsins, eftir því sem lög og reglugerðir heimila.

Einnig er reglunum ætlað að leiðbeina starfsmönnum og kjörnum fulltrúum að samhæfa verklag við birtingu gagna. Er markmiðið jafnframt að birting gagna með fundargerðum sé byggð á málefnalegum forsendum um upplýsingarétt í samræmi við stjórnsýslulög nr. 37/1993, upplýsingalög nr. 140/2012 og lög um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018.

2. Gildissvið

Reglur þessar skulu gilda þegar tekin er ákvörðun um hvort birta skuli gögn sem lögð eru fyrir ráð og nefndir Borgarbyggðar á vef sveitarfélagsins.

3. Meginreglan um birtingu gagna

Við birtingu á fundargerðum á vef Borgarbyggðar skulu jafnframt gerð aðgengileg þau gögn sem varða viðkomandi mál og fylgdu fundarboði eða lögð voru fram á viðkomandi fundi, nema undantekningarreglur í 4. og 5. tl. reglna þessi eða lög hindri slíka birtingu.

4. Gögn sem óheimilt er að birta

Gæta skal þess að birta ekki gögn sem undanþegin eru upplýsingarétti samkvæmt upplýsingalögum eða persónuverndarlögum.

Eftirfarandi gögn er óheimilt að birta:

- a. Gögn um einka- eða fjárhagsmálefni einstaklinga, fyrirtækja og lögaðila sem sanngjarnt er og eðlilegt að leynt fari.
- b. Bréfaskipti við sérfróðra aðila til afnota í dómsmáli eða við athugun á því hvort slíkt mál skuli höfðað.
- c. Gögn sem varða upplýsingar um málefni starfsmanna.
- d. Gögn sem varða einstaka starfsmenn sveitarfélagsins eða þriðja aðila.
- e. Vinnugögn og innri minnisblöð til eigin nota.
- f. Gögn er varða mikilvæga almannahagsmuni.
- g. Gögn sem falla undir ákvæði laga um þagnaskyldu og persónuvernd



5. Gögn sem ekki er skylt að birta

Ekki er skylt að birta eftirfarandi gögn ef sérstaklar ástæður mæla gegn slíkri birtingu:

- a. Gögn er varða tillögugerð eða viðræður við ríkið um fjárhagsleg málefni sveitarfélaga.
- b. Gögn er varða fjárhags- eða viðskiptahagsmuni sveitarfélagsins.
- c. Önnur gögn sem falla undir undanþáguákvæði upplýsingalaga .
- d. Gögn sem málsaðili óskar sérsaklega eftir að verði ekki birt.

Heimilt er að veita ríkari aðgang að gögnum en mælt er fyrir um í 4 og 5. tl. en ávallt skal þess gætt að birta ekki gögn sem falla undir lagareglur um þagnarskyldu og persónuvernd.

6. Ábyrgð

Ákvörðun um birtingu gagna skal verða á ábyrgð þess aðila sem ritar fundargerð og annast birtingu hennar á vef Borgarbyggðar. Ef álitamál er um birtingu gagna með fundargerð skal sveitarstjóri skera úr um hvort viðkomandi gögn séu undanþegin upplýsingarétti samkvæmt lögum.

7. Ósk um frekari gögn

Í þeim tilvikum sem óskað er eftir gögnum er varða tiltekið mál sem ekki hafa verið lögð fram á fundi eða fylgt fundarboði skal beiðni um slíkt berast skrifstofu Borgarbyggðar.

8. Gildistaka

Reglur þessar eru settar með vísan til upplýsingalaga nr. 140/2012, stjórnslulaga nr. 37/1993, laga um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga nr. 77/2000 og samþykktu um stjórn Borgarbyggðar nr. 884/2013

1. útgáfa staðfest af Byggðaráði dags. 5.09.2024.

2. útgáfa samþykkt í Sveitastjórn dags. 12.09.2024 og tekur þegar gildi.

